

Ályktanir formannaráðs Kvenfélagasambandsins og landssöfnun

Ályktun um sérfræðipjónustu lækna

61. formannaráðsfundur Kvenfélagasambands Íslands haldinn í fjarfundi laugardaginn 21. nóvember 2020 beinir því til stjórnvalda að tryggja jafnt aðgengi allra landsmanna að sérfræðilæknum. Í dag þurfa margir að ferðast um langan veg til að fá þjónustu þeirra. Því fylgir ferðakostnaður og vinnutap fyrir þann sem sækir þjónustu og jafnvel fyrir fylgdarmann. Mun hagkvæmara væri að fá þessa þjónustu í meiri mæli í heimabyggð, ýmist með fjarheilbrigðislausnum eða reglulegum heimsóknum sérfræðinga.

Ályktun um heilsu og hreyfingu félagskvenna

61. formannaráðsfundur Kvenfélagasambands Íslands haldinn í fjarfundi laugardaginn 21. nóvember 2020 hvetur kvenfélög til að huga vel að félagskonum sínum á tímum samkomutakmarkana í heimsfaraldri. Á meðan félagsstarf er takmarkað þarf að leita leiða til að rjúfa einangrun og hvetja félagskonur til að huga að heilsu og hreyfingu.

Jenný Jóakimsdóttir

Kvenfélagasamband Íslands

Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum

Túngötu 14. 101 Reykjavík

www.kvenfelag.is

kvenfelag@kvenfelag.is

s: 5527430/8377430